

Fjallableikja ehf.
Hallkelshólar
Grímsness og grafningshreppur

Reykjavík, 21. október 2019
UST201901-405/F.T.
08.12.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 17. apríl sl. þar sem stofnunin veitti rekstraraðila áminningu vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 3. desember 2018.

Frávikan voru eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.** Skráningum er ábótavant. Skrá þarf vatnsnotkun og notkun spilliefna, hreinsiefna og lyfja. Afstöðumynd af stöð vantar. **Stofnuninni hefur borist afstöðumynd af stöðinni ásamt skráningar á framangreindum atriðum.** Stofnunin minnir á að þessar skráningar og afstöðumynd eiga að vera aðgengileg eftirlitsmanni á starfsstöð rekstraraðila.
- 2. Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.** Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörun eða yfirfyllingarvörn. Neyslugeymir skal útbúinn með afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sérv stað. Eldri geymir er hvorki með yfirfyllingarvörn né útsláttarbúnaði. **Rekstraraðili hefur nú bætt við yfirfyllingarviðvörun og útsláttarbyssum geymana, sem og árekstrarvörn.** Stofnunin mun taka úrbæturnar út í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 105.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands